

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald í Hveragerðisbæ.

1. gr.

Skráningar- og árgjald hunda.

Þeir sem fá heimild til að halda hund, sbr. 2. gr. samþykktar nr. 555/2007 um hundahald í Hveragerðisbæ skulu greiða gjöld sem hér segir:

Skráningargjald	kr. 17.570
Árgjald fyrir hundaleyfi	kr. 17.570

Skráningargjald skal greitt við skráningu hunds. Eftir það greiðist árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund sem greiðist fyrir fram fyrir allt tímabilið með gjalddaga 20. febrúar ár hvert. Innifalið í skráningargjaldi er númeruð plata og umsýslugjald sveitarfélagsins. Innifalið í árgjaldi er hunda-hreinsun og kostnaður sveitarfélagsins við umsýslu og eftirlit.

2. gr.

Skráningar- og árgjald katta.

Þeir sem fá heimild til kattahalds, sbr. 1. gr. samþykktar nr. 556/2007 um kattahald í Hveragerðisbæ, skulu greiða gjöld sem hér segir:

Skráningargjald	kr. 5.130
Árgjald fyrir kattaleyfi	kr. 5.130

Skráningargjald skal greitt við skráningu kattar. Eftir það greiðist árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött sem greiðist fyrir fram fyrir allt tímabilið með gjalddaga 20. febrúar ár hvert. Innifalið í skráningargjaldi er númeruð plata og umsýslugjald sveitarfélagsins. Innifalið í árgjaldi er umsýslu-kostnaður sveitarfélagsins og kostnaður vegna eftirlits.

3. gr.

Gjald fyrir handsömun hunda.

Gjald vegna handsömunar hunda skv. 4. tölul. 2. gr. samþykktar nr. 555/2007 um hundahald í Hveragerðisbæ sem teknir eru lausir skal greitt af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunda sé um leyfislausu hunda að ræða. Gjaldið er eftirfarandi:

Í fyrsta sinn	kr. 15.000
Í annað sinn	kr. 20.000
Í þriðja sinn og hvert skipti eftir það	kr. 25.000

Auk þess skal leyfishafi/umráðamaður hunds greiða geymslugjald vegna geymslu handsamaðs hunds.

Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu, greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

4. gr.

Gjald fyrir handsömun katta.

Gjald vegna handsömunar kattar skv. 11. gr. samþykktar nr. 556/2007 um kattahald í Hveragerðisbæ skal vera kr. 2.000 í fyrsta skipti en kr. 4.000 í hvert skipti eftir það. Að auki skal umráðamaður kattar greiða þann kostnað sem til fellur svo sem dvalar- og geymslukostnað.

Óskráða ketti má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu, greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

5. gr.

Gjalddagi og afslættir.

Gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar nr. 555/2007 um hundahald í Hveragerðisbæ og samþykktar nr. 556/2007 um kattahald í Hveragerðisbæ.

Árgjald fyrir hunda og ketti greiðist fyrir fram fyrir allt tímabilið með gjalddaga 20. febrúar og eindaga 10. mars ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga.

Veittur er 25% afsláttur af árgjaldi hundaleyfis ef eigandi hundsins hefur farið á námskeið í hundahaldi.

Veittur er 25% afsláttur af árgjaldi hundaleyfis til elli- og örorkulífeyrisþega.

Leiðsöguhundar, leitarhundar, svo og hundar, sem notaðir eru við búrekstur á lögbýlum í bænum, eru undanþegnir árgjaldi, en vegna þeirra skal þó greiddur kostnaður við hundahreinsun.

6. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bærarstjórn Hveragerðisbæjar 14. desember 2023 með heimild í 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, samþykkt um hundahald í Hveragerðisbæ, nr. 555/2007 og samþykkt um kattahald í Hveragerðisbæ, nr. 556/2007, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir kattahald í Hveragerðisbæ, nr. 1358/2011 og gjaldskrá fyrir hundahald í Hveragerðisbæ, nr. 1356/2018.

Hveragerði, 14. desember 2023.

Geir Sveinsson bærarstjóri.